# Innra mats skýrsla

REYKHÓLASKÓLI

Júní 2022

**Inngangur** **3**

**Innra mat Reykhólaskóli 2021-2022** **4**
Stjórnun og fagleg forysta 2021-2022 4
Innra mat 2021-2022 5
Nám og kennsla - árangur náms 2021-2022 6

**Umbótaáætlun Reykhólaskóla skólaárið 2022-2023** **8**
Stjórnun og fagleg forysta 8
Innra mat 13
Nám og kennsla 16

# Inngangur

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Reykhólaskóla í nóvember 2018. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá hér. Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið en þessi mynd sem birtist hér verður með tímanum betri. Markmið Reykhólaskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf.

| Stjórnun og fagleg forysta | | Nám og kennsla | | Innra mat |
|---|---|---|---|---|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Inntak og námskrá | Skipulag náms | Skipulag |
| Samvirkni í stefnumótun | Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting | Árangur náms | Námsvitund | Framkvæmd |
| Tengsl við foreldra og aðra í -samfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna | Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka | Umbætur |
| Umbætur og innleiðing breytinga | | | | |

| **Heildarstig undirkafla** | **Litur** | **Lýsing á starfi** |
|---|---|---|
| 3,6 – 4 | grænt | Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.<br>Flestir eða allir þættir sterkir. |
| 2,6 – 3,5 | Grænt og gult | Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum.<br>Fleiri styrkleikar en veikleikar. |
| 1,6 – 2,5 | gult | Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.<br>Fleiri veikleikar en styrkleikar. |
| 1,0 – 1,5 | rautt | Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum. |

**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
**LJÓSGRÆNT/GULT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til umbótaáætlun sem starfsfólk Reykhólaskóla hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni síðasta skólaárs. Nú í lok skólaársins 2021-2022 eru umbótum í kjölfar ytra mats lokið og nú tekur við umbótaáætlun skólans

Anna Björg Ingadóttir
Skólastjóri Reykhólaskóla

# Innra mat Reykhólaskóli 2021-2022

Í vetur hófst heildarendurskoðun á innra mati skólans með því að skólastjóri stýrði vinnu við að leggja fram gæðaviðmið um innra mats þættina þrjá. Í fyrra var áætlað að setja upp innra mats teymi sem tæki boltann og mátaði gögn við gæðaviðmið skólans og setti í kerfisbundnar umbætur þegar þess reynist þörf. Það gekk ekki eftir nema að litlu leyti og vann skólastjóri einn að innra mats skýrslum nema langtímaáætlun og skólanámskrá en þá vann helmingur kennara að langtímaáætlun og hinn helmingurinn að skólanámskránni og allir kennarar komu að umbótaáætlun skólans og unnu að umbótum.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir það sem gert var eftir að viðmiðin höfðu verið lögð fram og hvernig innra mats teymi Reykhólaskóla metur niðurstöður út frá gæðaviðmiðum.

## *Stjórnun og fagleg forysta 2021-2022*

Markmið og viðmið um gæðastarf við **Stjórnun og faglega forystu** var kynnt og samþykkt af kennurum skólans í lok október 2021. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um stjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Mikilvægur þáttur við að meta stjórnunarþáttinn er að meta starfsáætlun sem lögð er fram að hausti. Hún er metin að vori til að tryggja gæði starfsáætlunarinnar. Mat á starfsáætlun 2021-2022 er að finna hér. Flestir þættir sem þar koma fram nýtast við að betrumbæta starfsáætlun að ári en einhverjir þættir rata í umbótaáætlun í kjölfar innra mats.

| Stjórnun og fagleg forysta | |
|---|---|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir |
| Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting |
| Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | |

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

## *Innra mat 2020-2021*

Haustið 2020 voru eftirfarandi gæðaviðmið um innra mat lögð fyrir á kennarafundi og samþykkt sem viðmið skólans. Í kjölfar ytra mats hefur í rauninni verið unnið að úrbótum með þessi viðmið í huga frá haustinu 2018. Stærsta breytingin er að nú vinnur starfsfólk skólans að því að koma starfsháttum nær gæðaviðmiðum skólans.

- Viðmiðin metin í júní af skólastjóra og innra mats teymi skólans.

**Styrkleiki** innra mats Reykhólaskóla nú er að gæðaviðmið liggja fyrir, þrjár innra mats skýrslur eru tilbúnar og spurningalistar hafa verið lagðir fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk (nám og kennsla og stjórnun). Margt hefur áunnist og allt til alls svo að innra mat og vinna með gæðaviðmið megi verða sjálfsagður þáttur í skólastarfinu frekar en átak.

**Veikleikar** innra mats er að innra mats teymið þarf að taka meiri forystu og ná eignarhaldi á viðfangsefninu. Mjög mikilvægt er að það náist að manna innra mats teymi skólans. Innra mats teymið þarf stuðning við að gera innra matið að reglubundnum þætti í skólastarfinu. Innra mats teymið í Reykhólaskóla hefur ekki verið virkt undanfarin þrjú ár. Einungis skólastjóri vann að innra matinu nema þegar kom að langtímaáætlun og skólanámskrá. Teymið verður virkt veturinn 2022-2023 og markmið næsta árs er að koma öllu innra mati í reglulegt endurskoðunarferli.

| Innra mat |
|---|
| Skipulag |
| Framkvæmd |
| Umbætur |

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Þó eru nokkrir þættir sem fara í umbótaáætlun en það eru minniháttar þættir er varða innra mat sem annars er farið að vera vel skipulagt og skiljanlegt og allir taka þátt í.

## *Nám og kennsla - árangur náms 2021-2022*

Gagnaöflun og helstu verkefni voru eftirfarandi:

- Lesferill var lagður fyrir samkvæmt áætlun og voru framfarir nemenda eðlilegar á milli mælinga. . Engin samræmd próf voru lögð fyrir á landsvísu.
- Skimanaáætlun skólans er að finna hér - það gekk vel að leggja fyrir þó að einhverjir hnökrar hafi orðið á vegna samkomubanns og manneklu.
- Spurningalisti, unninn út frá kennslufræðilegri stefnu skólans og gæðaviðmiðum um nám og kennslu var lagður fyrir foreldra, nemendur í 5.-10. bekk og kennara í mars 2022. Í spurningalistanum var einnig spurt um líðan.
    - *Kannanir komu betur út í vetur en árið áður, þarf að vinna með niðurstöður þannig að þær verði betri og betri.*
  - Frekari aðgerðir hefjast í haust samkvæmt umbótaáætlun næsta vetrar. Markmiðið er að líðan allra nemenda geti talist góð.
  - Skóli hófst klukkan 8:15 í stað 8:30 í vetur og það gaf góða raun, meiri tími myndaðist eftir skóladaginn fyrir faglegt starf og til að jafna álag. Flestir eru mjög ánægðir.
    - Niðurstöður spurningakannana gefa mikilvæga mynd af því hvað betur má fara. Mikilvægast er að niðurstöður nýtist til að sýna fram á framfarir og að ráðist sé í aðgerðir samkvæmt umbótaáætlun.
- Ákveðið var að kennslufræðileg stefna skólans yrði *Leiðsagnarnám* og eru tveir kennarar komnir í stýrihóp til að innleiða stefnuna í skólann.
  - Í stýrihópnum veturinn 2022-2023 verða: Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir og María Rós Valgeirsdóttir

- Kennarar í Reykhólaskóla eru í sameiginlegu lærdómssamfélagi kennara á Vestfjörðum og verða með fastan fundartíma einu sinni í mánuði næsta vetur.
- Kennarar verða með fastan tíma í hverri viku fyrir faglegt samstarf
- Kennarar verða með fastan tíma í hverjum mánuði fyrir símenntun vegna þeirra áhersluþátta sem skólinn vinnur í; upplýsinga- og tæknimennt og samþætting við aðrar námsgreinar, útikennsla og samþætting við námsgreinar, Leiðsagnarnám, grunnþættir menntunar, lykilhæfni og fleira.
- Haldið var nemendaþing og skólaþing og ákveðið var að halda áfram að vinna með niðurstöðurnar næsta vetur. Niðurstöðurnar eru sýnilegar öllum á plakötum í andyri á neðri hæð skólans.

Heildarmat á stöðu Reykhólaskóla er varðar nám og kennslu mun fara fram næsta vor eftir að áðurnefndar umbætur hafa verið í ferli allan næsta vetur.

| Nám og kennsla | |
|---|---|
| Inntak og námskrá | |
| Árangur náms | |
| Gæði kennslu | |

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

# Umbótaáætlun Reykhólaskóla skólaárið 2022-2023

# Stjórnun og fagleg forysta

| **Samvirkni í stefnumótun** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Ljúka við skólanámskrá og birta | Ljúka við textann | Skólastjóri | Ágúst | Des 2021 | Þegar skólanámskrá er birt á heimasíðu. | Á heimasíðu og fram koma þeir þættir sem á að gera grein fyrir skv. aðalnámskrá. |
| **2** | Vinna kafla um kennslufræðilega stefnu og bæta við skólanámskrá eftir veturinn | Skrá kennslufræðilega stefnu og viðmið (hvenær erum við ánægð með kennslufræðilega stefnu?) | Skólastjóri | Ágúst | Maí 2022 | Þegar skólanámskrá er birt á heimasíðu. | Á heimasíðu og fram koma þeir þættir sem á að gera grein fyrir skv. aðalnámskrá. |
| **3** | Koma auga á hvar stefna skólans birtist í skólastarfinu. | Meta hvort að þurfi að endurskoða stefnu skólans? | Skólastjóri | Ágúst | Maí 2022 | Með spurningakönnun | Að skólastefnan sé augsýnileg í skólastarfinu. |
| **Faglegt samstarf og samræða** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| **1** | Að í stundatöflum kennara gefist tími til samvinnustunda. | Búið að leggja til breytingu á stundaskrám til að gefa meiri rými fyrir undirbúning/úrvinnslu og faglegt samstarf. Innra mats teymið mun leggja fram og | Skólastjóri/ Innra mats teymi | Ágúst | Maí 2022 | Starfsmannakönnun og foreldrakönnun | Að kennarar séu sáttari og upplifi að þeir hafi tíma til faglegs samstarfs ásamt undirbúningi/úrvinnslu. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | vinna með mögulegar tillögur. Halda skipulaginu eins og verið hefur, byrja fyrr eða seinna eða eitthvað annað. | | | | | |
| **Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| **1** | Í skólanámskrá sé uppeldisstefna skólans skýr. | Klára textann | Skólastjóri | Ágúst | Des 21 | Birt á heimasíðu skólans | Á heimasíðu og fram koma þeir þættir sem á að gera grein fyrir skv. aðalnámskrá. |
| **2** | Að skólasamfélagið þekki uppeldisstefnu skólans og megináherslur | Gera stefnuna sýnilegri í öllu skólastarfi | Stjórnendur kennarar og annað starfsfólk | Ágúst | Maí 23 | Spurningakönnun | Þegar skólasamfélagið þekkir stefnuna og út á hvað hún gengur. |
| **3** | Að skólaráð er starfandi | Skólaráð er starfandi en hefur ekki verið virkt vegna Covid-19. Leggja áherslu á að virkja ráðið að nýju strax í haust. | Skólastjóri | Ágúst | Maí 22 | Fundargerðir birtar á heimasíðu skólans. | Þegar allir í skólaráðinu vita til hvers það er og ferlið rúllar. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **4** | Samskipti við önnur skólastig eru skráð niður. | Skólahópur leikskóladeildar fer í skipulagðar heimsóknir á yngsta stig. | Skólastjóri Leikskólastjóri Umsjónar-kennari Yngsta stigs | Ágúst | Maí 22 | Samskipti á milli deilda | Auðvelda nemendum að fara frá leikskólastigi yfir á grunnskólastig. |
| **5** | Samskipti við önnur skólastig eru skráð niður | t.d. tónleikar hjá Tónlistarskólanum og að nemendur í leikskóladeild taki þátt í t.d. árshátíð og Fullveldiskaffi eins og verið hefur (ekki í vetur). | Skólastjóri Leikskólastjóri Tónlistarkennari | Ágúst | Maí 22 | Samskipti milli deilda | Sameiginleg stofnun |
| **6** | Samskipti við grenndarsam-félagið eru regluleg og skráð niður | Grenndarsamfélagið hefur verið velkomið á Fullveldiskaffi og árshátíð skólans (nema í vetur vegna Covid-19). Boðið hefur verið á opinn fund hjá skólaráði (enginn mætti). Nemendur á elsta stigi hafa verið í vinnustaðavali (Barmahlíð og Hólabær). | Skólastjóri Forstöðumenn annarra stofnanna | Ágúst | Maí 22 | Spurningakönnun | Meiri tengsl skólans við grenndarsamfélagið |

| **Umbætur og innleiðing breytinga.** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Hér þarf ekki umbætur | | | | | | |
| **Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| **1** | Það þarf að uppfæra heimasíðu og hafa allar upplýsingar þar inni réttar. | Heimasíðan er úrelt og erfitt að uppfæra og setja inn eða taka út efni. Það þarf að gera nýja heimasíðu eða halda áfram að reyna að lappa upp á þessa (Snerpa er hætt með þessar síður og er því ekki að uppfæra lengur). | Skólastjóri Tölvuumsjónarmaður | Ágúst | Maí 22 | | Að heimasíðan sé aðlaðandi, með allar upplýsingar uppfærðar og notendur hennar ánægðir. Að foreldrar og forráðamenn nýti síðuna mikið til upplýsingaöflunar. |
| **Starfsmannastjórnun og verkaskipting** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Draga úr álagi | Breyta stundatöflum | Skólastjóri | Ágúst | Maí 22 | Spurningalisti og starfsmannaviðtöl - fundir með starfsmönnum. | Allir starfsmenn séu ánægðir og upplifi þolanlegt álag í starfi. |
| 2 | Að vinna betur með töluleg gögn | Formgera meðferð gagna og tengja við nám nemenda | Sérkennslu-stjóri og kennarar | Ágúst | Maí 22 | Sérkennslustjóri ásamt ráðgjafa meta hvort að málin séu komin í farveg. Metið út frá aðgerðum sem farið er í. Halda fundargerðir. | Að gögn séu nýtt til að fylgjast með framförum nemenda. |
| 3 | Að nýir starfsmenn fái stuðning við að stíga sín fyrstu skref | Endurskoða starfsmannaáætlunina | Skólastjóri | Ágúst | Des 21 | Kynna öllum starfsmönnum og vera samtaka. | Að nýir starfsmenn finnist vel tekið á móti þeim. |
| 4 | Skólastjórnendur eru með reglulega kennslurýni og veita endurgjöf | Kennslurýnin er farin af stað og mun verða fastur liður næsta vetur. | Skólastjóri | Ágúst | Maí 22 | Spurningakönnun | Að kennarar upplifi kennslurýnina uppbyggilega. |
| 5 | Uppbyggileg gagnrýni þegar upp á vantar | Kennslurýni, jafningjamat | Allir starfsmenn skólans | Ágúst | Maí 22 | Starfsþróunarviðtal | Meiri starfsánægja og betri verkferlar ef upp á hefur vantað. |
| **Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| 1 | Bæta endurmenntun | Fastur tími fyrir símenntun | Skólastjóri | Ágúst | Maí 22 | Kennarar verða með fastan tíma í hverjum mánuði fyrir símenntun vegna þeirra | Að starfsþróun kennara sé í takt við það sem er að gerast í skólamálum almennt. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | áhersluþátta sem skólinn vinnur í; upplýsinga- og tæknimennt og samþætting við aðrar námsgreinar, útikennsla og samþætting við námsgreinar, Leiðsagnarnám, grunnþættir menntunar, lykilhæfni og fleira. | |
| **2** | Starfsfólki finnst það bera ábyrgð og njóta trausts | Að verkefni og verkferlar séu gagnsæir, tryggja góð samskipti | Skólastjóri ásamt öllu starfsfólki skólans | Ágúst | Maí 22 | Gerð séu plön um hvað er á dagskrá, hvernig það er unnið og af hverjum. | Að starfsfólk sé ánægt. |
| **3** | Verkefni eru skráð og ábyrgðaraðilar þeirra | To do listar, LEAN og fl. | Skólastjóri og fl. | Ágúst | Maí 22 | Gerð séu plön um hvað er á dagskrá, hvernig það er unnið og af hverjum. | Að starfsfólk sé ánægt. Að verkefni séu kláruð og skráð. |

# Innra mat

| **Skipulag** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Ljúka við langtímaáætlun. | Setja endurskoðun á innra mat t.d. á ár þrjú héðan í frá | kólastjóri | Ágúst | Des 21 | Birt á heimasíðu skólans | Að allt sem tilheyrir innra mati sé komið í endurskoðunarferli. |
| **2** | Mat á kennslu og fagmennsku kennara (Kennslurýni) fer fram tvisvar á ári. | Uppbyggileg rýni | Skólastjóri | Ágúst | Maí | Starfsþróunarviðtöl | Að kennarar fái tækifæri til að endurskoða störf sín á uppbyggilegan hátt og að samtal eigi sér stað um faglega starfsþróun |
| | Jafningjamat fer fram einu sinni til tvisvar á ári. | Uppbyggileg rýni | Kennarar | Ágúst | Maí | Samstarfsfundum | Að kennarar fái tækifæri til að endurskoða störf sín á uppbyggilegan hátt og að samtal eigi sér stað um faglega starfsþróun |
| **3** | Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin (á líka við um markmið um kennsluhætti). | Endurskoðun á kennslufræði skólans til að ná fram betri árangri. | Skólastjóri | Ágúst | Maí | Birt á heimasíðu skólans | Að allir kennarar séu að vinna saman að settum markmiðum skólans um kennsluhætti |
| **4** | Fara betur yfir gæðaviðmið og snyrta til, enn eru þættir inni í gæðaviðmiðunum sem eiga ekki við og laga þarf tímalínu. | Að gæðaviðmiðin séu markviss og í stöðugri endurskoðun | skólastjóri og innra mats teymi | Ágúst | Maí | Birtist í starfi skólans og á innra mats skýrslum. | Að skólastarfið standist kröfurnar sem eru seettar fram í gæðaviðmiðunum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **5** | Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir (ítarleg innra mats áætlun). | Setja niður hvað á að ræða á fundum um innra mat. Gera fundaáætlun. | Skólastjóri / Fræðsluráðgjafi | Ágúst | Maí | Birt skólaráði | Að farið verði í þá þætti er áætlaðir eru samkvæmt innra mats áætlun. |
| **Framkvæmd** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| **1** | Skoða og skipuleggja hvernig skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati. | Að allar niðurstöður sé nýttar til gagns fyrir nemendur. | Skólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu | Ágúst | Maí | Með framförum nemenda. | Að allir nemendur geti sýnt framfarir út frá eigin möguleikum. |
| **2** | Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans og birtast í ítarlegri innra mats áætlunum. | Leggja fyrir spurningakannanir árlega. | Skólastjóri | Ágúst | Maí | Með betri útkomum úr könnunum. | Að þeir sem koma að skólastarfi Reykhólaskóla séu sáttir |
| **Umbætur** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig Metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| 1 | Hér er ekkert sem þarf að skrá | | | | | | |

Nám og kennsla verður endurskoðuð eftir næsta skólaár

# Nám og kennsla

| **Inntak og námskrá** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Hér er ekkert sem þarf að skrá | | | | | | |
| **Árangur náms** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| **1** | Hér er ekkert sem þarf að skrá | | | | | | |
| **Gæði kennslu** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig Metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| 1 | Setja kennslufræðilega stefnu skólans | Búa til starfsáætlun stýrihóps/teymis um kennslufræðilega stefnu | Skólastjóri | Ágúst 2021 | Sept 2021 | Starfsáætlunin metin að vori. | Að starfsáætlun liggi fyrir og sé metin að vori. |
| **2** | Setja kennslufræðilega stefnu skólans | Stofna stýrihóp - teymi | Skólastjóri | Maí 2021 | Maí 2022 | Starfsáætlun teymisins og fundargerðir metnar | Að kennslufræðileg stefna skólans birtist í starfi kennara |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | Auka faglegt samstarf og samráð við kennara í svipuðum störfum | Taka þátt í LÆRVEST | Kennarar | Maí 2021 | Júní 2023 | Starfsáætlun LÆRVEST verður metin - litið til baka og farið yfir fundargerðir | Að kennarar upplifi að samstarfið sé gagnlegt og gæði kennslu til framdráttar |
| **Skipulag náms** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| **1** | Hér er ekkert sem þarf að skrá | | | | | | |
| **Námsvitund** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| **1** | Fylgja eftir nemendaþingi | Bæta skólabrag | Starfsfólk skólans | Ágúst | Maí 22 | Nemendakönnun | Að bæta skólabrag |
| **Ábyrgð og þátttaka** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig Metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| 1 | Hér er ekkert sem þarf að skrá | | | | | | |
| **Líðan nemenda** | Huga að líðan nemenda | Halda fundi með nemendum og skólaþing þar sem nemendur fá rödd til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri | Innra mats teymi | Ágúst 21 | Maí 21 | Leggja fyrir spurningakönnun og taka viðtöl við nemendur | Að allir nemendum líði vel eða mjög vel í skólanum. |